



Áfanganúmer: JARÐ1AJ05

Prep: 1

Einingar: 5

Forkröfur: Engar

Lýsandi heiti: Jarðfræði fyrir náttúrufræðibraut

Áfangalýsing:

Námsefnið er aðallega sniðið að jarðfræði Íslands og tengslum hennar við almenna jarðfræði jarðskorpunnar. Leitast er við að auka skilning á því hvernig innræn og útræn öfl setja mark sitt á umhverfið. Kynnt er til sögunnar skipting á jarðsögu Íslands í tertíer- og kvartertímabil og bornir saman hinir ýmsu þættir svo sem eldvirkni, landmótun, loftslag og lífríki.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennar þekkingar og hafa skilning á:

- steinda- og bergfræði landsins
- myndun og flokkun helstu djúpbergs- og gosbergsmýndana
- flokkun og sérkennum íslenskra eldstöðva
- skiptingu jarðhitasvæða á Íslandi
- jarðskjálftum og tengslum þeirra við flekahreyfingar sem og afleiðingar jarðskjálfta
- lagskiptingu jarðar, landrekskenningunni og flekahreyfingum jarðskorpunnar
- veðrun, rofi og setmyndun á Íslandi
- flokkun vatnsfalla og stöðuvatna
- landmótun vatnsfalla, jökla og sjávar
- jarðsögu Íslands með tilliti til skiptingar í tímabil sem og eldvirkni, landmótunar, loftslags og lífríkis

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- að beita jarðfræðilegum hugtökum og kenningum
- greina steindir og berg og geti nýtt bergfræði við flokkun og túlkun jarðfræðilegra fyrirbæra
- að greina á milli eldstöðva og að átta sig á virkni þeirra
- að greina ummerki innrænna afla svo sem jarðhita og jarðskjálfta
- að greina ummerki útrænna afla við landmótun af völdum vatnsfalla, jökla og sjávar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta lesið í umhverfi sitt og áttað sig á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir náttúrunni
- geta dregið ályktanir af ólíkum umhverfisaðstæðum á Íslandi hvað varðar myndun og mótun landsins
- skilja umfjöllun fjölmiðla um náttúruhamfarir sem eiga sér stað reglulega á jörðinni
- átta sig á mikilvægi og notagildi hinna ýmsu jarðfræðilegu fyrirbæra í daglega lífinu

Mat á hæfniviðmiðum
• Verkefni, kaflapróf og stúdentspróf